



STEFNA SAMTAKA IÐNAÐARINS 2019-2021

STJÓRN SAMTAKA IÐNAÐARINS

25
ára
1994
2019




Samtök
iðnaðarins

Stefna Samtaka iðnaðarins 2019-2021

Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar hvílir á sex stoðum

Stefna SI fjallar um áherslur í störfum Samtaka iðnaðarins. Stefnumálin miða að því að efla samkeppnishæfni íslensks iðnaðar út frá þeim sex meginmálaflokkum sem mestu varða um framleiðniþróun og velmegun til framtíðar.

STEFNUMÁLIN



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímyndarmál


Framtíðarsýnin – Ísland 2050

Fyrir hvaða framtíð erum við að búa okkur undir?

Ísland árið 2050 er í fremstu röð hvað varðar samkeppnishæfni þjóða og nýtur mikillar velgengni.


Verðmætasköpunin er drifin áfram af sjálfbærri nýtingu auðlinda, mikilli nýsköpun, vel menntuðu og hæfileikaríku vinnuafli, traustum innviðum sem uppfylla þarfir samfélagsins og skilvirku, hagkvæmu og stöðugu starfsumhverfi.

Fjárfestar sækjast eftir því að fjárfesta í fyrirtækjum á Íslandi. Efnahagsleg velmegun íbúa er mikil og Ísland er eftirsótt land til búsetu og atvinnurekstrar. Landið er vel tengt við umheiminn í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti.



Ísland í fremstu röð

FRAMTÍÐARSÝN SI



Menntun

Menntakerfið leiðir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífs á skilvirkan og hagkvæman hátt.



Starfsumhverfi

Skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt starfsumhverfi laðar til landsins fjárfesta og fólk.



Innviðir

Innviðir eru í góðu ástandi og uppfylla þarfir atvinnulífs og almennings.



Orka og umhverfi

Íslenskur iðnaður er í fararbroddi í sjálfbærni og umhverfismálum og styður við markmið þjóðarinnar um kolefnishlutleysi.



Nýsköpun

Umgjörð og hvatar til nýsköpunar eru með því besta sem þekkist í heiminum.




Ímynd

Íslenskar vörur og fyrirtæki hafa jákvæða ímynd í samanburði við ímynd erlendra valkosta.

Mótum framtíðina saman

Mikil vinna að baki í stefnumótun samtakanna síðustu tvö ár



SI BEITIR SÉR FYRIR UMBÓTUM Í **STARFSUMHVERFI FYRIRTÆKJA**

Gott starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni

Stefna stjórnar fyrir málaflökkinn:

Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því að starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Með starfsskilyrðum og starfsumhverfi er vísað til ytri aðstæðna hvers fyrirtækis sem felast í efnahagslegu-, lagalegu-, félagslegu og tæknilegu umhverfi í hverju landi. Þessi ytri skilyrði ákvarðast í samspili milli stjórnvalda og atvinnulífs.



SI BEITIR SÉR FYRIR STÖÐUGU STARFSUMHVERFI

Markmið: Að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja sé stöðugt í samanburði við önnur lönd

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Fjölbreytni efnahagslífs

- ✓ Með öflugri verðmætasköpun á mörgum sviðum tryggjum við aukinn stöðugleika.
- ✓ Að aukið sé við fjölbreytileika í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins og í efnahagslífinu öllu með því að efla samkeppnishæfni á sem flestum sviðum atvinnulífs.

Vinnumarkaður

- ✓ Að umgjörð vinnumarkaðar sé styrkt þannig að í auknum mæli verði horft til stöðu atvinnugreina og framleiðniaukningar.
- ✓ Samtökin vinna náið með Samtökum atvinnulífsins til að ná fram hagfelldum kjarasamningum fyrir íslenskan iðnað.

Hagstjórn

- ✓ Að agi í hagstjórn verði aukinn. Virkja verður stjórnþæki til að skapa víðtækan stöðugleika í starfsumhverfi fyrirtækja.
- ✓ Að lokið verði við breytingar á umgjörð hagstjórnar varðandi peningastefnu og umgjörð vinnumarkaðar til að tryggja betur þátt þess í að skapa stöðugleika.



SI BEITIR SÉR FYRIR **HAGKVÆMU STARFSUMHVERFI**

Markmið: Að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja sé hagkvæmt í samanburði við önnur lönd

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Laun og framleiðni

- ✓ Að laun endurspegli framleiðni og próist í takt við framleiðnivöxt.
- ✓ Samtökin vinna náið með Samtökum atvinnulífsins til að ná fram hagfelldum samningum fyrir íslenskan iðnað.

Fjármagnskostnaður

- ✓ Að dregið sé úr raunvaxtamun milli Íslands og helstu viðskiptalanda. Draga þarf úr vaxtamun innlendu bankanna.
- ✓ Samtökin leggi áherslu á umfjöllun um fákeppni á íslenskum bankamarkaði, kostnaðaróhagræði bankanna og eignarhald ríkisins í viðskiptabönkum.

Hagstjórn

- ✓ Að dregið sé úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki.
- ✓ Að tryggt sé að raforkuverð auki samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Brýnt er að leita leiða til að auka gagnsæi í verðlagningu með alþjóðlegan samanburð í huga



SI BEITIR SÉR FYRIR SKILVIRKU STARFSUMHVERFI

Markmið: Að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja sé skilvirkt í samanburði við önnur lönd

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu

- ✓ Að gæði opinberrar þjónustu séu aukin og skilvirkni í opinberum rekstri með kostnaðarlækkun og einföldun í huga.
- ✓ Samtökin fjalli um mikilvægi þess að auka vægi rafrænnar stjórnsýslu, samræma opinbert eftirlit og huga að samþættingu ferla.

Umsvif hins opinbera

- ✓ Að dregið sé úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði.
- ✓ Skattkerfið verður að styðja við virka samkeppni.

Eftirlit og löggjöf

- ✓ Ekki skal gengið lengra við innleiðingu EES reglna en þörf krefur.
- ✓ Styttu þarf málsmeðferðartíma eftirlits- og úrskurðaraðila.
- ✓ Veita aðhald þannig að opinber innkaup fylgi virkum útboðsferlum ríkisins.



SI BEITIR SÉR FYRIR UMBÓTUM Í **INNVIÐUM LANDSINS**


Skilvirkir og hagkvæmir innviðir hafa mikil áhrif á kostnað fyrirtækja

Stefna stjórnar fyrir málaflökkinn:

Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því að innviðir á Íslandi séu samkeppnishæfir á við það sem best gerist í samkeppnislöndum.

Það er óhugsandi að ímynda sér íslenskt samfélag án innviða á borð við samgöngur, veitur, orkuvinnslu og húsnæði. Saman mynda þessir innviðir lífæðar samfélagsins.

Hagkvæmir, skilvirkir og áreiðanlegir innviðir sem þjóna þörfum atvinnulífs og heimila skila sér í aukinni samkeppnishæfni þjóðarbúsins, aukinni velmegun og betri lífsgæðum fyrir íbúa. Með fjárfestingum í innviðum eru byggðar stoðir fyrir hagvöxt framtíðarinnar.



SI BEITIR SÉR FYRIR HAGKVÆMUM OG SKILVIRKUM INNVIÐUM

Markmið: Að innviðir Íslands styðji við öfluga verðmætasköpun iðnfyrirtækja

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Samgöngur:

- ✓ Áhersla verður á mikilvægi nýfjárfestinga, viðhalds og endurbóta í samgönguinnviðum til að mæta auknum þörfum atvinnulífs.
- ✓ Huga þarf sérstaklega að nýfjárfestingum í þéttbýli í meiri mæli en verið hefur.
- ✓ Stuðla að innviðum sem tryggja skilvirkar samgöngur við erlenda markaði.

Orkuinnviðir:

- ✓ Stuðla að því að leyst verði úr takmörkunum í dreifi – og flutningskerfi og arðsemismati við virkjanastaðsetningu verði beitt.
- ✓ Leyfisveitingar þurfa að ganga hraðar fyrir sig og tryggja þarf samræmi í vinnubrögðum.

Húsnæði:

- ✓ Skapa verður nægjanlegt framboð húsnæðis til að mæta þörfum íbúa landsins. Auka skal yfirsýn með því að setja húsnæðismál í eitt innviðaráðuneyti.
- ✓ Auka verður samvinnu ríkis og sveitarfélaga og gera kerfi skipulagsmála skilvirkara.
- ✓ Veita verður hönnuðum og framkvæmdaaðilum svigrúm til hagkvæmari lausna.

SI BEITIR SÉR FYRIR UMBÓTUM Í MENNTUN LANDSMANNA

Mannauður Íslands þarf að vera samkeppnishæfur á við það sem best gerist

Stefna stjórnar fyrir málaflokkinn:



Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því að mannauður Íslands sé samkeppnishæfur á við það sem best gerist á alþjóðavísu og menntakerfið hafi þróast með þeim hætti að það leiði saman fægni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt. Byggt er á hagnýtingu færnispáa, atvinnustefnu og markvissu þróunarstarfi.

Menntakerfið ræktar þekkingu, leikni og hæfni einstaklinga og styður þannig við efnahagslega velmegun og lífsgæði einstaklinga.



SI BEITIR SÉR FYRIR FJÖLGUN IÐNMENNTAÐRA

Markmið: 20% grunnskólanema velji starfsmenntun í framhaldsskóla árið 2025 og 30% 2030

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Ímyndarvandi náms og starfa:

- ✓ Unnið sé að því að starfsnám og bóknám sé metið til jafns í lögum.
- ✓ Vinna gegn ímyndarvanda iðnnáms og iðnstarfa m.a. með því að nota sterkar fyrirmyndir til að kynna fjölbreytileika starfsnámsins.
- ✓ Fjalla um mikilvægi starfsmenntunar fyrir þjóðfélög.

Grunnskólinn:

- ✓ Auka veg list- og verkgreina í grunnskólum og tryggja að skólar fylgi viðmiðum um list- og verkgreinar á hverjum tíma.
- ✓ Endurskoða nám til kennsluréttinda fyrir þá sem kenna list- og verkgreinar.
- ✓ Auka áherslu á starfs- og námskynningar í grunnskólum sem endurspegla starfsnám jafnt sem bóknám

Framhaldsskóli:

- ✓ Samfella verður að vera í námi úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla og aukin áhersla lögð á sameiginlegan námsgrunn sem nýtist bæði í iðnnámi og bóknámi.
- ✓ Tryggja að næg tækifæri séu til framgangs að námi loknu fyrir m.a. að leiðin í háskólana sé greið.
- ✓ Endurskoða skyldi nám til kennsluréttinda fyrir þá sem kenna iðngreinar.

SI BEITIR SÉR FYRIR HUGVITSDRIFNU HAGKERFI

Markmið: Hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum verði 25% árið 2025

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

STEM greinar:

- ✓ Að forritun sé tekin inn í námsskrá grunnskóla í meiri mæli en hefur verið og kennsla í raun- og tæknigreinum sé eflað
- ✓ Skilgreina ný viðmið í kennaramenntun í raun og tæknigreinum og leita leiða til að lækka meðalaldur kennarastéttarinnar

Færni framtíðar:

- ✓ Að menntakerfið frá yngstu stigum styðji við markmið um nýsköpun og hugvitsdrifið hagkerfi
- ✓ Að aukin sé áhersla á færni framtíðar í starfi grunnskóla og framhaldsskóla t.a.m. félagsfærni, lausnamiðuð hugsun, samskipti og samstarf
- ✓ Að mannauðurinn sé samkeppnishæfur á við önnur lönd þegar kemur að getu til nýsköpunar.

SI BEITIR SÉR FYRIR **FJÖLGUN MENNTUNARÚRRÆÐA**

Markmið: Að fjölga menntunarúrræðum fyrir starfandi á vinnumarkaði í dag

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Endurmenntun:

- ✓ Að regluverk fullorðinsfræðslu og endurmenntunar sé endurskoðað
- ✓ Gera þarf fleirum kleift að bjóða upp á endurmenntun og aukið svigrúm og sveigjanleiki sé í kerfinu þar sem ljóst sé að þróun næstu áratuga muni breyta eðli starfa á vinnumarkaði.

Raunfærnimat:

- ✓ Að raunfærnimat sé eftt á framhalds- og háskólastigi.
- ✓ Að raunfærnimat á íslensku og erlendum tungumálum sé í boði fyrir sem flesta sem leið inn á framhalds- og háskólastig.
- ✓ Að erlent starfsfólk hafi kost á raunfærnimati og fjarnámi vegna bóklegs náms í meiri mæli .

Fagháskólastigið:

- ✓ Að framhalds- og háskóli vinni að því að koma á fót fagháskólastigi með atvinnutengd lokamarkmið.
- ✓ Stofnun fagháskólastigs sé gerð í samstarfi atvinnulífs og skóla.

SI BEITIR SÉR FYRIR ALMENNUM UMBÓTUM

Markmið: Að styðja við önnur áherslumál og minnka færnimisræmi á vinnumarkaði

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Gæði kennslu:

- ✓ Að kennaranám sé endurskoðað með það að markmiði að stytta námið í þrjú ár auk eins árs launaðs starfsnáms. Laða verður að ungt fólk í stéttina.
- ✓ Að áhersla á innra og ytra gæðamat í skólastarfi sé aukin, þetta á aðallega við um grunnskólann.

Færnipörf og færnisþá:

- ✓ Að vinna við færnipörf og færnisþá á vinnumarkaði fari í formlegt ferli fyrir landið allt og einstaka landshluta.
- ✓ Að unnið sé að markvissri innleiðingu hæfniramma um íslenska menntun með áherslu á hæfniviðmið starfa. Einnig verður að stórauka upplýsingaöflun um íslenska menntakerfið með alþjóðlegan samanburð í huga.

SI BEITIR SÉR FYRIR EFLINGU NÝSKÖPUNARUMHVERFISINS


Hugvit verður drifkraftur framfara á 21. öldinni

Stefna stjórnar fyrir málaflokkinn:

Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því á Íslandi árið 2050 verði umgjörð og hvatar til með því besta sem þekkist í heiminum.

Framboð af sérfræðingum í hátækni- og hálaunastörf mætir eftirspurn og íslensk fyrirtæki sjá hag sínum best borgið með því að stunda rannsóknir og þróun hér á landi, enda eru aðstæður og skattalegir hvatar með því sem best gerist.

Ísland er álitlegur kostur í vali frumkvöðla um hvar þeir eigi að stofna fyrirtæki og íslenska ríkið styður við nýsköpunarverkefni og veitir styrki til fyrirtækja á byrjunarstigum vaxtar í samvinnu við einkaaðila.



SI BEITIR SÉR FYRIR EFLINGU NÝSKÖPUNARUMHVERFISINS

Markmið: Auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun og framboð áhættufjármagns til vaxtarfyrirtækja

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Rannsóknir og þróun:

- ✓ Afnema þök á endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar.
- ✓ Hækka endurgreiðsluhlutfall vegna rannsókna- og þróunarverkefna í 33% í skrefum til ársins 2025.
- ✓ Endurskoða ferli endurgreiðslu á kostnaði vegna rannsókna og þróunar.

Skattar og skilvirkni:

- ✓ Bjóða skattaávilnanir til einstaklinga vegna fjárfestinga í fyrirtækjum í vexti.
- ✓ Leggja lægri skattprósentu á tekjur fyrirtækja sem koma til vegna skráðra hugverka, í samræmi við „patent box“.
- ✓ Greina ríkisútgjöld til málaflokks nýsköpunar og kortleggja hlutverk mismunandi stofnana til að tryggja samfellu og auka skilvirkni.



SI BEITIR SÉR FYRIR **EFLINGU NÝSKÖPUNARUMHVERFIS**

Markmið: Auka framboð af sérfræðingum og minnka færnimisræmi

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Nýsköpunarlandið Ísland:

- ✓ SI sé í fararbroddi í umræðu um nýsköpunarmál á Íslandi og veiti fræðslu, hvatningu og stuðning til fyrirtækja, m.a. varðandi hugverkarétt.
- ✓ Ísland verði markaðssett sem nýsköpunarland, öll upplýsingagjöf verði á ensku og aðgengi að upplýsingum stóreflt.
- ✓ Ráðast að veikleikum sem snúa að sölu og markaðssetningu. Íslandsstofu falið aukið hlutverk í því samhengi.

Uppbygging menntakerfis og mannauður:

- ✓ Uppbygging menntakerfisins styðji við markmið um að fjölga sérfræðingum og hátæknimenntun sé efld. Verkefni í menntamálum fóstri einnig áhuga nemenda á nýsköpun og mikilvægi hennar.
- ✓ Efla umgjörð til að taka á móti sérfræðingum í hálaunuð störf með því að m.a. bjóða upp á skattleysi í 3-5 ár og einfalda umsóknarferli með atvinnuleyfi.

SI BEITIR SÉR FYRIR UMBÓTUM Í ORKU OG UMHVERFI


Ísland nái markmiði sínu um kolefnishlutleysi

Stefna stjórnar fyrir málaflokkinn:

Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því því að Ísland sé fyrirmynd annarra þjóða í umhverfismálum sem geti skapað íslenskum iðnaði samkeppnisforskot.

Leiðin að minni losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans. Mikill árangur hefur náðst hér á landi á síðustu áratugum, m.a. með nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til húshitunar og orkuvinnslu. Þessi aukna áhersla mun m.a. leiða til þróunar í grænni tækni og snjöllum samgöngum.

Metnaðarfull markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála eru áskorun fyrir samfélagið á komandi áratugum en að sama skapi verða til tækifæri til þess að nýta hugvit og sköpunargáfu til að þróa nýja tækni og aðferðir til að gera hluti öðruvísi og betur. Gott samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og almennings er forsenda þess að árangur náist.



SI BEITIR SÉR FYRIR SKÝRRI STEFNU Í LOFTSLAGSMÁLUM

Markmið: Að íslenskur iðnaðar marki sér skýra stöðu á sviði umhverfismála á komandi áratug

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Stöðumat og stefnumótun:

- ✓ Samtök iðnaðarins hafa unnið að stofnun samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir.
- ✓ Greina þarf áskoranir og gera stöðumat á ólíkri stöðu iðnfyrirtækja og mismunandi áskorunum þeirra, s.s. á grundvelli loftslagsverkefnis SI og Festu.
- ✓ Fyrirtæki setji sér stefnu í umhverfismálum, s.s. grænt bókhald, og ráðist í breytingar til að draga úr áhrifum á umhverfið.

Aðgerðaáætlun:

- ✓ Vinna aðgerðaráætlun til að örva og auðvelda fyrirtækjum að ná árangri í umhverfisvernd. Stuðla að markvissum stuðningi og styrkjum til slíkra verkefna. Greina þarf þau tækifæri sem kunna að skapast, bæði vegna breytinga í rekstri og markaðssetningu á þekkingu.
- ✓ Setja mælanleg markmið fyrir iðnaðinn um samdrátt í losun. Hvetja fyrirtæki áfram í að leitast eftir því að ná þeim með því að innleiða grænar lausnir í starfsemi þeirra.
- ✓ Styrkja þarf jafnt nýsköpun á þessu sviði, nýja stoð í atvinnulífinu og auka útflutning á vistvænni tækni frá Íslandi. Skýrir hvatar þurfa að vera til staðar og ábyrgð með því að verkefnum sé ýtt úr vör



SI BEITIR SÉR FYRIR UPPLÝSINGAGJÖF OG HVATNINGU

Markmið: Að íslensk iðnfyrirtæki verði meðvituð um mikilvægi umhverfissjónarmiða

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Hvatning og upplýsingagjöf:

- ✓ Hvetja þarf felagsmenn að leggja sitt að mörkum til að uppfylla Parísarsamkomulagið þ.m.t. þróa nýja tækni og innleiða lausnir í þeim tilgangi.
- ✓ SI stuðli að upplýsingagjöf og leiðbeiningum til efla umhverfisvitund og eftirfylgni með umhverfiskröfum, s.s. á grundvelli samstarfsverkefnis SI og Festu um loftslagsmál.

Markaðssetning:

- ✓ Vekja athygli á sérstöðu Íslands á alþjóðavettvangi og þeim mikla árangri sem náðst hefur með nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Nýta þá sérstöðu til að fá aukin skilning fyrir hérlandum aðstæðum og kynna um leið íslenskt hugvit og tækni.
- ✓ Styðja skal við og hvetja íslensk fyrirtæki sem eru nú þegar að hanna lausnir sem stuðla að bættri orkunýtni, orkustýringu og hráefnanýtingu og skapa einnig verðmæti úr úrgangi og útblæstri.



SI BEITIR SÉR FYRIR SJÁLFBÆRNI

Markmið: Að íslenskur iðnaður beiti sér fyrir umhverfisvænni orkunýtingu og úrgangsmeðhöndlun

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Orkunýting og orkuskipti:

- ✓ Taka til skoðunar samhæfðari nýtingu ólíkra orkukosta, s.s. nýting vind, vatnsafls og jarðvarma og samlegð þar á milli.
- ✓ Örva orkuskipti í samgöngum og draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Setja raunhæf markmið um hlutfallslega aukningu umhverfisvænna ökutækja og stuðla að innviðauppbýggingu til að þjónusta umhverfisvænan flota.

Sjálfbærni og úrgangslosun:

- ✓ Úrvinnsla á úrgangi iðnaðar verði í sátt við umhverfi og samræmist kröfum hringrásarhagkerfis og alþjóðlegum skuldbindingum. Stuðla skal að aukinni endur- og/eða úrvinnslu í anda hringrásarhagkerfis með hagrænum hvötum.
- ✓ Setja þarf markmið um úrvinnsluhlutfall að teknu tilliti til landsmarkmiða og draga eins og kostur er úr flutningi úrgangs um langan veg.
- ✓ Samræmdu flokkunarkerfi komið á með því að gera flokkun úrgangs skilvirkari og aðgengilegri, s.s. efla samkeppnisskilyrði á því sviði gagnvart sveitarfélögum



SI BEITIR SÉR FYRIR JÁKVÆÐRI ÍMYND ÍSLENSKS IÐNAÐAR

Að íslenskar vörur hafi jákvæða ímynd á við erlendar vörur

Stefna stjórnar fyrir málaflokkinn:

Framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins felst í því að Íslendingar verði stoltir af íslenskri vöru og fyrirtækjum og velji að kaupa hana vegna gæða, uppruna og hreinleika. Íslenskar vörur eru eftirsóttar erlendis vegna fjölbreytileika, sérstöðu, tillitssemi við umhverfið, sjálfbærni og lýðheilsu.

Til þess að ná fram jákvæðri ímynd íslensks iðnaðar þarf að nota fjölmargar leiðir hvort sem er á sviði almannatengsla, áhrifavalda, samfélagsmiðla eða hefðbundinna auglýsinga. Móta þarf skilaboðin og ákveða við hverja á að tala, hvenær og hvernig. Hægt er að miða við AIDA módelið (Attention, Interest, Desire, Action).



SI BEITIR SÉR FYRIR JÁKVÆÐRI ÍMYND ÍSLENSKS IÐNAÐAR

Markmið: Íslendingar eru stoltir af íslenskum vörum og fyrirtækjum

LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Almennt:

Samtökin veita stjórnvöldum aðhald gegnum fjölmiðla og upplýsta umræðu á öllum miðlum. Verið er að styrkja grundvöll ákvarðanatöku með greiningum og haldið verður áfram að fylgja eftir þeirri stefnu er kemur fram í *Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland*.

Ímyndaráttak:

- ✓ Miðla upplýsingum um mikilvægi íslensks iðnaðar fyrir hagkerfið og hversu fjölbreyttur iðnaðurinn er. Unnið verði með allar helstu markaðsleiðir.
- ✓ Miðla gæðum, uppruna og hreinleika íslenskra framleiðsluvara og nýta hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að koma skilaboðunum á framfæri til ákveðinna markhópa.



25
āra
1994
2019



Samtök
iðnaðarins